

HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS

Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður

Reykjavík, 20. janúar 2023

Hér með tilkynnist að umsókn yðar, f.h. Borgarbyggðar, um leyfi til að áfrýja dómi Landsréttar 11. nóvember 2022 í máli nr. 458/2021: Gunnlaugur Auðunn Júlíusson gegn Borgarbyggð, hefur verið hafnað. Hjálagt fylgir staðfest endurrit af ákvörðun Hæstaréttar.



Afrit:

Jón Sigurðsson lögmaður

Málskotsbeiðni nr. 2022-158

Fimmtudaginn 19. janúar 2023

Borgarbyggð (Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður)

gegn

Gunnlaugi Auðuni Júlíussyni (Jón Sigurðsson lögmaður)

Áfrýjunarleyfi. Uppsögn. Ráðningarsamningur. Kjarasamningur. Sveitarfélög. Sveitarstjórn. Orlof. Biðlaun. Miskabætur. Fjártljón. Rannsóknarregla. Andmælaréttur. Meðalhóf. Stjórnsýsla. Hafnað.

Ákvörðun Hæstaréttar

- Samkvæmt 4. mgr. 16. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla standa að ákvörðun þessari hæstaréttardómararnir Benedikt Bogason, Ingveldur Einaradóttir og Sigurður Tómas Magnússon.
- Með beiðni 5. desember 2022 leitar Borgarbyggð leyfis Hæstaréttar, á grundvelli 1. mgr. 176. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, til að áfrýja dómi Landsréttar 11. nóvember sama ár í máli nr. 458/2021: Gunnlaugur Auðunn Júlíusson gegn Borgarbyggð. Gagnaðili leggst gegn beiðninni.
- Mál þetta lýtur að því hvort gagnaðila hafi verið sagt upp starfi sveitarstjóra með lögmætum hætti og hvort rétt hafi verið staðið að uppgjöri launa í kjölfar starfslokanna. Ágreiningur aðila snýr aðallega að túlkun ráðningarsamnings aðila um hvort laun í uppsagnarfresti komi til frádráttar biðlaunum.
- Í málinu hafði gagnaðili uppi fjártljóns- og miskabótakröfur, kröfu um launaleiðréttingu fyrir nánar tilgreint tímabil, kröfu um greiðslu orlofs og kröfu um útlagðan kostnað vegna lögmannaástoðar. Héraðsdómur sýknaði leyfisbeiðanda af kröfum gagnaðila en með dómi Landsréttar var fallist á kröfur hans að hluta. Í dómi Landsréttar kom fram að gagnaðili ætti rétt á launum í uppsagnarfresti í þrjá mánuði og biðlaunum í sex mánuði að loknum uppsagnarfresti þar sem það væri sú túlkun ráðningarsamningsins sem best samræmdist orðalagi hans og meginreglum vinnuréttar. Þá var leyfisbeiðanda gert að greiða gagnaðila orlofslaun í uppsagnarfresti.
- Leyfisbeiðandi byggir á því að úrslit málsins hafi verulegt almennt gildi um túlkun samningsbundinna ákvæða um biðlaun starfsmanna sveitarfélaga. Þá byggir hann á því að málið varði mikilvæga hagsmuni sína. Loks byggir hann á því að dómur Landsréttar sé bersýnilega rangur að efni til, einkum um að uppsagnarfrestur gagnaðila teljist ekki til biðlaunatíma samkvæmt ákvæðum ráðningarsamnings aðila. Í því sambandi hafi Landsréttur ranglega vísað til dóms Hæstaréttar 11. nóvember 1999 í máli nr. 223/1999 sem hafi fjallað

um túlkun bótaréttar en ekki biðlaunaréttar. Þá hafi Landsréttur við túlkun ráðningarsamnings aðila litið fram hjá ákvæði um biðlaunarétt í kjarasamningi þeim sem gildi að öðru leyti um starfskjör gagnaðila. Leyfisbeiðandi telji að meginregla opinbers starfsmanna-, sveitarstjórnar- og vinnuréttar sé skýr um að telja beri uppsagnarfrest til biðlaunatíma.

6. Að virtum gögnum málsins verður hvorki talið að úrslit þess hafi verulegt almennt gildi né að það varði sérstaklega mikilvæga hagsmuni leyfisbeiðanda í skilningi 1. mgr. 176. gr. laga nr. 91/1991. Þá verður ekki séð að dómur Landsréttar sé bersýnilega rangur, sbr. 4. málslíð sömu málsgreinar. Beiðninni er því hafnað.

Rétt endurrit staðfestir

20.1.2023

